

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 51 15. maí 1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 19. gr. getur bifreiðaeftirlit ríkisins, í samráði við framkvæmdanefnd hægri umferðar, ákveðið, að aðaldyr bifreiðar megi vera á hægri hlið.

2. gr.

Nú hefur verið ákveðið að heimila notkun bifreiða með aðaldyrum á hægri hlið, sbr. 1. gr., og gilda þá um notkun bifreiðarinnar eftirfarandi reglur:

Þegar staðnæmzt er til að taka farþega eða skila farþegum, skal alltaf stöðva bifreiðina utan akbrautar í þéttbýli. Sama gildir utan þéttbýlis eftir því sem við verður komið.

Bifreið má aldrei stöðva þannig, að farþegar þurfi að stíga inn í hana af akbraut eða út úr henni á akbraut.

Við aðaldyr og hjá öikumanni skulu fest skilti með aðvörun frá bifreiðaeftirliti ríkisins, svohljóðandi:

„BIFREIÐ ÞESSI ER GERÐ FYRIR HÆGRI UMFERÐ.

Öikumanni ber að sjá um, að farþegar stígi ekki úr bifreiðinni út á akbraut, né inn í bifreiðina af akbraut.“

Skilti þessi skulu staðsett þar sem farþegar og ökumaður taka frekast eftir þeim.

3. gr.

Frá þeim degi, er hægri umferð kemur til framkvæmda, sbr. 17. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, orðast upphaf 4. mgr. 19. gr. þannig: Á bifreiðunum skulu aðaldyr vera á hægri hlið.

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur þó, í samráði við framkvæmdanefnd hægri umferðar, ákveðið, að aðaldyr bifreiðar megi áfram vera á vinstri hlið. Heimild þessi getur verið tímabundin eða ótímabundin.

4. gr.

Nú hefur verið ákveðið að heimila notkun bifreiðar með aðaldyrum á vinstri hlið, sbr. 2. mgr. 3. gr., og gilda þá um notkun bifreiðarinnar sömu reglur og greinir í 2. gr., þó þannig, að í stað orðsins „HÆGRI“ á aðvörunarskilti komi: VINSTRI.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 og 16. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. marz 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.